

# Spurningalisti um áhrif vefjagigtar (FIQ)

dags. \_\_\_\_\_ nafn \_\_\_\_\_ aldur \_\_\_\_\_

## 1.

**Leiðbeiningar:** Í liðum a - k, vinsamlega merktu í þann reit sem lýsir best almennri getu þinni **síðustu 7 daga**. Ef þú ert ekki vön/vanur að gera eitthvað af því sem spurt er um, merktu þá í reitinn „á ekki við“

Hafðir þú getu til að:	Alltaf	Oftast	Einstöku sinnum	Aldrei	Á ekki við
a. Fara að versla?	0	1	2	3	4
b. Setja í/taka úr þvottavél og þurrkara?	0	1	2	3	4
c. Undirbúa máltíð?	0	1	2	3	4
d. Vaska upp?	0	1	2	3	4
e. Ryksuga?	0	1	2	3	4
f. Búa um rúmin?	0	1	2	3	4
g. Ganga nokkur hundruð metra?	0	1	2	3	4
h. Heimsækja vini og ættingja?	0	1	2	3	4
i. Vinna í garðinum?	0	1	2	3	4
j. Keyra bíl?	0	1	2	3	4
k. Ganga upp stiga?	0	1	2	3	4
<b>Samtals stig</b>					
<b>Umbreytt stig</b>					
<b>Samtals stig</b>					

2. Hversu marga daga af síðustu 7 dögum leið þér vel?

0	1	2	3	4	5	6	7
---	---	---	---	---	---	---	---

Stig	
Umbreytt stig	

3. Hversu marga daga í síðustu viku gast þú **ekki** unnið, þar með talin heimilisstörf vegna vefjagigtar?

0	1	2	3	4	5	6	7
---	---	---	---	---	---	---	---

Stig	
Umbreytt stig	

**Leiðbeiningar:** Í næstu spurningum, skaltu setja merki á línuna þar sem þú telur að líðan þinni **síðustu 7 daga** sé almennt lýst.

4. Þegar þú varst við vinnu, hversu mikið trufluðu verkir eða önnur einkenni vefjagigtarinnar getu þína til að vinna, þar með talin heimilisstörf?

0									10	
Engin vandamál við vinnu									Mikil vandamál við vinnu	
									<b>Stig</b>	<input type="text"/>

5. Hversu miklir hafa verkirnir verið?

0									10	
Engir verkir									Mjög miklir verkir	
									<b>Stig</b>	<input type="text"/>

6. Hversu þreytt/þreyttur hefur þú verið?

0									10	
Ekki þreytt/ur									Mjög þreytt/ur	
									<b>Stig</b>	<input type="text"/>

7. Hvernig hefur þér liðið þegar þú ferð á fætur á morgnana?

0									10	
Vakna vel hvíld/ur									Vakna mjög þreytt/ur	
									<b>Stig</b>	<input type="text"/>

8. Hversu stíð/ur hefur þú verið?

0									10	
Ekki stíð/ur									Mjög stíð/ur	
									<b>Stig</b>	<input type="text"/>

9. Hversu kvíðin/nn hefur þú verið ?

0									10	
Ekki kvíðin/n									Mjög kvíðin/n	
									<b>Stig</b>	<input type="text"/>

10. Hversu döpur/dapur eða þunglynd/ur hefur þú verið?

0									10	
Ekki þunglynd/ur									Mjög þunglynd/ur	
									<b>Stig</b>	<input type="text"/>

<b>Samtals stig 4 - 10</b>	<input type="text"/>
----------------------------	----------------------

<b>Heildarstig FIQ</b>	<input type="text"/>
------------------------	----------------------

# Spurningalisti fyrir sjúklinga með vefjagigt (FIQ), lýsing og stigagjöf.

FIQ er matstæki sem hannað er til að mæla ástand sjúklinga með vefjagigt, sem og framfarir og árangur meðferðar. Tilgangurinn er að mæla þá þætti í heilsu vefjagigtarsjúklinga sem talið er að vefjagigtin hafi mest áhrif á.

## Uppbygging:

FIQ er samsettur af 10 spurningum. Fyrsta spurningin inniheldur 11 liði sem tengjast líkamlegri færni þar sem hver liður er metinn á fjögurra punkta raðkvarða. Í spurningum 2 og 3 merkja sjúklingar við fjölda daga sem þeim leið vel og fjölda daga sem þeir gátu ekki sinnt sínum störfum (þar með talin heimilisstörf) vegna vefjagigtareinkenna. Í spurningum 4 til 10 eru línulegir 10 punkta kvarðar þar sem sjúklingur merkir við hversu erfið vinnan var, verki, þreytu, morgunþreytu, stirðleika, kvíða og þunglyndi.

## Framkvæmd:

Sjúklingar svara listanum án aðstoðar og tekur það u.þ.b. 5 mínútur. Leiðbeiningar eru einfaldar og skýra sig sjálfar.

## Stigagjöf:

Stigagjöf í FIQ er með þeim hætti að hærri stig benda til meiri áhrifa vefjagigtar á einstaklinginn. Hægt er að fá hámark 10 stig fyrir hvern lið og því er mest hægt að fá 100 stig. Sjúklingar með vefjagigt fá að meðaltali 50 stig en sjúklingar sem eru mjög þjakaðir af sínum einkennum eru venjulega með yfir 70 stig. Gefið er fyrir spurningalistann á eftirfarandi hátt:

1. Fyrsta spurningin samanstendur af 11 liðum (a –k) sem tengjast líkamlegri færni. Stig fyrir þessa 11 liði eru lögð saman og lýsir heildarstigafjöldinn líkamlegri skerðingu. Hver liður er metinn á fjögurra punkta raðkvarða. Stig fyrir hvern lið geta verið frá 0 (alltaf) til 3 (aldrei), þar af leiðandi geta stigin mest orðið 33. Þar sem hluti sjúklinga er ekki vanur að gera sumar þeirra athafna sem taldar eru upp, er mögulegt að fjarlægja ákveðna liði úr stigagjöfinni. Til að fá réttan stigafjölda fyrir liði a - k, er fjöldi svara deilt í heildarstig (t.d. ef sjúklingur svaraði 9 liðum og fékk 2 stig fyrir hvern lið, eru lokastigin  $18/9 = 2$ ). Stig fyrir þessa spurningu geta verið frá 0 – 3.
2. Stigagjöfin í spurningu 2 er í öfugu hlutfalli við daga sem merkt er við. Flest stig eru gefin fyrir fæsta daga þ.e. 0=7 og 7=0. Stig geta verið frá 0 - 7.
3. Í spurningu 3 er stigagjöfin í réttu hlutfalli við daga sem merkt er við, þannig að flest stig eru gefin fyrir flesta daga þ.e. 7=7 og 0=0. Stig geta verið frá 0 - 7.
4. Í spurningum 4 -10 eru línulegir 10 punkta kvarðar. Stig fyrir hverja spurningu geta verið frá 0-10. Ef sjúklingur merkir milli tveggja lóðréttra lína, er bætt 0.5 við neðra stigið.
5. Þegar búið er að gefa stig fyrir listann þarf að umreikna stigin þannig að þau séu öll í sambærilegum einingum. Umreiknuð stig eru á bilinu 0 -10, þar sem 0 gefur til kynna enga skerðingu en 10 hámarksskerðingu.

Mælikvarði	Spurningar	Endurkóðun	Dreifing stiga	Umbreyting stiga
Líkamleg skerðing	1 (a-k)	Nei	0 - 3	Stig x 3.33
Vellíðan	2	Já	0 - 7	Stig x 1.43
Vinnutap	3	Nei	0 - 7	Stig x 1.43
Vinna	4	Nei	0 - 10	Enginn
Verkir	5	Nei	0 - 10	Enginn
Þreyta	6	Nei	0 - 10	Enginn
Hvöld	7	Nei	0 - 10	Enginn
Stirðleiki	8	Nei	0 - 10	Enginn
Kvíði	9	Nei	0 - 10	Enginn
Þunglyndi	10	Nei	0 - 10	Enginn

Til að alltaf sé hægt að fá mest 100 stig, er nauðsynlegt að leiðrétta útreikninga ef sjúklingur svarar ekki öllum 20 spurningunum í listanum. Ef eina eða fleiri spurningar vantar þá þarf að margfalda niðurstöðuna eftir umbreytingu með  $10/x$ , þ.e. ef eina spurningu vantar þá er margfaldað með  $10/9$  (1,111) ef tvær spurningar vantar þá er margfaldað með  $10/8$  (1.25).